

Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis kemur saman til fundar í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 13.00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til yfirkjörstjórnar í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, föstudaginn 13. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

28. apríl 2016.

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,

Jónas Þór Guðmundsson
Guðrún Sesselja Arnardóttir
Elín Jóhannsdóttir
Ástríður Sólrún Grímsdóttir
Eysteinn Jónsson